

Hagnaður Actavis 29 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi

— Góð afkoma í Austur- og Vestur-Evrópu

Helstu atriði

Tekjur á öðrum ársfjórðungi hækkuðu um 4,1% í 378,9 milljónir evra (2F 2006: 364,1 milljónir evra) og um 7,9% í 761,5 milljónir evra (1H 2006 705,9 milljónir evra) á fyrstu 6 mánuðum ársins, einkum vegna góðrar afkomu í Austur og Vestur Evrópu. Undirliggjandi tekjuvöxtur¹ í fjórðungnum nam 4,8% (2F 2006 pro forma: 361,6 milljónir evra) og um 7,1% á fyrri helmingi ársins (1H 2006 pro forma: 711,1 milljónir evra).

- Sala í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu jókst í 157,1 milljónir evra (2F 2006 pro forma: 144,8 milljónir evra). Undirliggjandi vöxtur nam 8,5% í fjórðungnum og 12,6% á fyrstu 6 mánuðum ársins.
- Salan í Vestur-Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku jókst um 23,0% í 86,3 milljónir evra (2F 2006 pro forma 70,2 milljónir evra). Undirliggjandi vöxtur á fyrstu 6 mánuðum nam 16,3%.
- Sala í Norður-Ameríku nam 96,3 milljónir evra (2F 2006 pro forma 111,4 milljónir evra), sem er í samræmi við væntingar stjórnenda. Þetta er 13,5% lækkun frá öðrum fjórðungi 2006, sem var sérlega sterkur fjórðungur á svæðinu. Á fyrri helmingi ársins drógust tekjur á markaðnum saman um 4,6%.
- Sala til þriðja aðila jókst um 6,7% í 35,7 milljónir evra (2F 2006 pro forma 33,4 milljónir evra) í fjórðungnum. Á fyrri helmingi ársins eru tekjur sambærilegar við fyrra ár.
- Góð EBITDA framlegð var í fjórðungnum en hún nam 22,2% og var 21,5% á fyrri helmingi ársins.
- Hagnaður eftir skatta var 29,3 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi og lækkaði um 2,6% frá fyrra ári, en hagnaður nam 56,3 milljónir evra á fyrri helmingi ársins.
- Undirliggjandi þynntur hagnaður á hlut var 0,00680 (2F 2006 0,00787) á öðrum fjórðungi og 0,01340 (1H 2006 0,01502) á fyrri helmingi ársins.
- Alls voru markaðssett 145 samheitalyf (84 einstök lyf) í fjórðungnum og alls 225 á fyrri helmingi ársins
- Fjárfestingarfélagið Novator gerði yfirtöku til hluthafa Actavis og tryggði sér 99,66% hlutafjár. Stjórn Actavis óskaði í kjölfarið eftir afskráningu úr OMX kauphöllinni á Íslandi.

Þúsundir evra	1. apríl - 30. júní			1. janúar - 30. júní		
	1F 2007	1F 2006	% Breyting	6M 2007	6M 2006	% Breyting
Heildartekjur.....	378,850	364,054	4.1%	761,544	705,932	7.9%
Heildargjöld.....	-322,658	-308,638	4.5%	-651,818	-600,475	8.6%
EBITDA.....	84,224	79,387	6.1%	163,535	151,884	7.7%
EBITDA %.....	22.2%	21.8%	1.9%	21.5%	21.5%	-0.2%
Hagnaður fyrir skatta.....	35,988	40,908	-12.0%	70,652	80,916	-12.7%
Undirliggjandi hagnaður.....	35,138	36,173	-2.9%	67,563	72,352	-6.6%
Hagnaður eftir skatta.....	29,317	30,088	-2.6%	56,317	61,946	-9.1%
Undirliggjandi hagnaður á hlut.....	0.00680	0.00787	-13.6%	0.01340	0.01502	-10.8%
Hagnaður á hlut.....	0.00499	0.00601	-17.0%	0.00990	0.01188	-16.7%

* Útreikningur á þynntum hagnaði á hlut er í evrum og tekur að fullu tillit til forgangsbréfa og áfallinna arðgreiðslna af þeim.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, um uppgjörið:

„Það er ánægjulegt að sjá að metnaðarfull markmið okkar um framlegð eru að nást og uppgjörið í samræmi við okkar væntingar. Enn erum við að sjá góðan árangur í Vestur Evrópu og staða okkar í Austur Evrópu heldur áfram að styrkjast. Í Bandaríkjunum hefur þróunarstarf gengið sérlega vel og skráningar á nýjum lyfjum hafa aldrei verið fleiri, sem mun styðja við góðan vöxt þar á næsta ári.“

„Lykilstjórnendur félagsins munu áfram kappkosta að fylgja eftir framtíðarsýn félagsins þannig að Actavis verði í leiðandi stöðu á sviði samheitalyfja. Með eitt öflugasta lyfjasafn samheitalyfjafyrirtækja í heiminum í dag og dreift sölunet, erum við vel í stakk búinn til að auka okkar markaðshlutdeild á næstu árum.“

¹ Pro forma undirliggjandi vöxtur tekur tillit til innri vaxtar þeirra fyrirtækja sem keypt voru á árinu 2006 og endurspeglar innri vöxt samstæðunnar eins og hún er í dag. Undirliggjandi hagnaður tekur ekki tillit til afskrifta á yfirverði vegna fyrirtækjakaupa.

Afkoma á öðrum ársfjórðungi og fyrstu 6 mánuðum ársins 2007

Tekjur

Tekjur í fjórðungnum jukust um 4,1% í 378,9 milljónir evra (2F 2006: 364,1 milljónir evra) og um 7,9% í 761,5 milljónir evra á fyrstu sex mánuðunum (1H 2006: 705,9 milljónir evra). Undirliggjandi vöxtur í fjórðungnum nam 4,8% á föstu gengi og 7,1% á fyrri helmingi ársins.

- **Sala í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu** nam 157,1 milljónum evra í fjórðungnum (2F 2006 pro forma: 144,8 milljónir evra) og 314,3 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum ársins (1H 2006 pro forma: 279,2 milljónir evra). Þetta samsvarar 8,5% undirliggjandi vexti í fjórðungnum og 12,6% á fyrri hluta ársins.
- **Sala í Vestur-Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku** nam 86,3 milljónum evra (2F 2006 pro forma: 70,2 milljónir evra), eða 23,0% meira en í fyrra. Á fyrri hluta ársins nam salan 165,5 milljónum evra (1H 2006 pro forma: 142,3 milljónir evra) og jókst um 16,3%.
- **Sala í Norður-Ameríku** nam 96,3 milljónum evra, sem var í samræmi við væntingar stjórnenda. Þegar þetta er borið saman við sterkan annan fjórðung í fyrra (2F 2006 pro forma: 111,4 milljónir evra), er samdráttur um 13,5% á tímabilinu. Á fyrri hluta ársins nam salan 205,2 milljónum evra (1H 2006 pro forma 215,1 milljónir evra), sem er samdráttur um 4,6%. Alls er nú 71 lyfjaskráning í vinnslu hjá bandaríska lyfjaeftirlitinu og fjöldi nýrra lyfja verða markaðssett á seinni helmingi ársins, sem mun styðja við góðan vöxt á markaðnum á næsta ári.
- **Sala til þriðja aðila** nam 35,7 milljónum evra, og jókst um 6,7% frá sama tíma í fyrra (2F 2006 pro forma: 33,4 milljónir evra). Á fyrstu sex mánuðunum var salan 71,6 milljónir evra, eða sambærileg við sama tíma bil í fyrra (1H 2006 pro forma: 71,4 milljónir evra).

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld á öðrum ársfjórðungi voru 322,7 milljónir evra (2F 2006: 308,6 milljónir evra) og 651,8 milljónir evra á fyrstu sex mánuðunum (1H 2006: 600,5 milljónir evra).

- **Kostnaðarverð seldra vara** sem hlutfall af tekjum nam 53,7% í fjórðungnum (2F 2006: 56,4%). Á fyrri hluta ársins var hlutfallið 55,3%. Lægra kostnaðarhlutfall í fjórðungnum skýrist m.a. af breyttri samsetningu lyfja í sölu frá fyrri fjórðungi og hærra hlutfalli tekna á mörkuðum í Mið- og Austur-Evrópu. Auk þess er skilvirkni í framleiðslu að aukast og sparnaður í innkaupum að skila sér, samhliða aukinni stærðarhagkvæmni.
- **Sölu og markaðskostnaður** var 16,1% af tekjum í fjórðungnum (2F 2006: 13,6%). Á fyrstu sex mánuðum ársins var hlutfallið 15,2% (1H 2006: 13,7%). Hærrí sölu og markaðskostnaður í fjórðungnum skýrist einkum af auknu markaðsstarfi á tímabilinu, sérstaklega í Austur-Evrópu.
- **Skrifstofu og þróunarkostnaður** nam 9,6% af tekjum fjórðungsins (2F 2006: 9,2%). Á fyrstu sex mánuðunum var kostnaðurinn 71,2 milljónir evra (1H 2006 65,9 milljónir evra).
- **Gjaldfærður þróunarkostnaður** nam 22,2 milljónum evra, 5,8% af tekjum (2F 2006: 20,3 milljónir evra, 5,6% af tekjum). Á fyrri hluta ársins var gjaldfærður þróunarkostnaður 43,5 milljónir evra, 5,7% af tekjum (1H 2006: 37,4 milljónir evra, 5,3% af tekjum).

1. apríl - 30. júní			
Þúsundir evra	1F 2007	1F 2006	% Breyting
Heildartekjur.....	378,850	364,054	4.1%
Kostnaðarverð seldra vara.....	203,465	205,376	-1%
Sölu- og markaðskostnaður.....	60,859	49,454	23.1%
Rannsóknar- og þróunarkostnaður.....	22,153	20,265	9.3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	36,181	33,544	7.9%
Heildarrekstrarkostnaður.....	322,658	308,638	4.5%

EBITDA & EBIT

Hagnaður félagsins fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði („EBITDA“) jókst um 6,1% í 84,2 milljónir evra í fjórðungnum (2F 2006: 79,4 milljónir evra). Á fyrstu sex mánuðunum jókst EBITDA um 7,7% í 163,5 milljónir evra (1H 2006: 151,9 milljónir evra). EBITDA framlegðin var 22,2% í fjórðungnum og 21,5% á fyrri hluta ársins. Hagnaður fyrir skatta og fjármagnsliði („EBIT“) var 14,8% af tekjum og jókst í 56,2 milljónir evra í fjórðungnum. Að undanskildum afskriftum á yfirverði vegna fyrirtækjakaupa nam EBIT 17,1% af tekjum á fjórðungnum en 16,6% á fyrri hluta ársins.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir námu 20,2 milljónum evra í fjórðungnum (2F 2006: 14,5 milljónir evra) og 39,1 milljónum evra á fyrstu sex mánuðunum (1H 2006: 24,5 milljónir evra). Stærsti kostnaðarliðurinn er vaxtakostnaður af lánum félagsins.

Hagnaður og arðsemi eigin fjár

Hagnaður eftir skatta var 29,3 milljónir evra í fjórðungnum (2F 2006: 30,1m) og 56,3 milljónir evra á fyrstu sex mánuðunum (1H 2006: 61,9milljónir evra). Undirliggjandi hagnaður (að frátöldum afskriftum á yfirverði vegna fyrirtækjakaupa) nam 35,1 milljónum evra í fjórðungnum (2F 2006: 36,2 milljónir evra) og var 67,6 milljónir evra á fyrri hluta ársins (1H 2006: 72,4 milljónir evra). Þynntur hagnaður á hlut var 0,00499 evrur í fjórðungnum og 0,00990 evrur á fyrri helmingi ársins. Undirliggjandi þynntur hagnaður á hlut var 0,00680 í fjórðungnum (2F 2006: 0,00787) og 0,01340 á fyrstu sex mánuðum ársins (1H 2006: 0,01502). Lækkun hagnaðar má að mestu skýra með hærri afskriftum á tímabilinu og auknum vaxtakostnaði samstæðunnar vegna ýmissa fjárfestinga. Útreikningur á þynntum hagnaði á hlut er í evrum og tekur að fullu tillit til forgangsbréfa og áfallinna arðgreiðslna af þeim.

Arðsemi eiginfjár var 12,8% í fjórðungnum (2F 2006: 12,0%) og var 12,3% á fyrri helmingi ársins (1H 2006: 12,3%).

Skattar

Gjaldfærðir skattar félagsins í öðrum ársfjórðungi voru 6,7 milljónir evra og virkt skatthlutfall 18,5%. Á fyrstu sex mánuðunum voru gjaldfærðir skattar 14,3 milljónir evra og virkt skatthlutfall 20,3%.

Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri var 39,1 milljónir evra í fjórðungnum (2F 2006: 39,9 milljónir evra) og á fyrri helmingi ársins var það 75,2 milljónir evra (1H 2006: 92,1 milljónir evra). Rekstartengdar eignir umfram skuldir jukust um 10,6 milljónir evra í fjórðungnum (2F 2006: 5,7 milljónir evra) og um alls 40,3 milljónir evra á fyrstu sex mánuðunum (1H 2006: 62,5 milljónir evra).

Fjárfestingarútgjöld

Heildar fjárfestingarútgjöld í fjórðungnum (þróunarkostnaður innifalinn) námu 67,1milljón evra (2F 2006: 32,8milljónir evra). Á fyrstu sex mánuðunum námu þau 112,5 milljónum evra (1H 2006: 65,5 milljónir evra).

Sjóðstreymi

Heildar útstreymi vegna fjárfestingarhreyfinga í fjórðungnum að teknu tilliti til sölu var 153,7 milljónir evra. Fjárfestingarhreyfingar vegna fyrirtækjakaupa voru 113,4 milljónir evra í fjórðungnum. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 188,0 milljónir evra á fyrri hluta ársins en 100,4 milljónir evra í fjórðungnum. Handbært fé var 48,3 milljónir evra í lok tímabilsins (2F 2006: 76,5 milljónir evra). Frjálst fjárflæði samstæðunnar var neikvætt um 28,8 milljónir evra í fjórðungnum (2F 2006: jákvætt fjárflæði um 2,4 milljónir evra).

Helstu atburðir

Nýr framkvæmdastjóri í Þýskalandi

Tilkynnt var um ráðningu Thomasar Heinemann í stöðu framkvæmdastjóra Actavis í Þýskalandi í júlí. Heinemann kemur frá CT Arzneimittel í Berlín þar sem hann var framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs. Hann mun leiða sókn félagsins á markaðnum og er ráðinn í kjölfar samninga sem Actavis hefur gert á árinu við þarlend sjúkrasamlög.

Finasteride á markað í Bandaríkjunum og 14 Evrópulöndum

Actavis setti Finasteride töflur (þvagfæralyf) á markað í 14 Evrópulöndum og í Bandaríkjunum á öðrum ársfjórðungi. Lyfið kom á markað um leið og einkaleyfið rann út í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi og Danmörku. Actavis selur lyfið undir eigin merkjum í 12 löndum, beggja vegna Atlantshafs. Þá er lyfið selt viðskiptavinum Sölu til þriðja aðila í átta löndum, þar sem það er markaðssett undir merkjum annarra lyfjafyrirtækja.

Ný lyf á markað í Bandaríkjunum

Actavis markaðssetti Nifedipine forðatöflur (hjartalyf) í Bandaríkjunum á öðrum ársfjórðungi. Þetta er fyrsta lyfið frá Actavis south Atlantic LLC (áður Abrika Pharmaceuticals) síðan Actavis keypti Abrika. Meðal annarra lyfja sem nýlega hafa verið sett á markað vestanhafs eru Zolpidem Tartrate töflur (svefnlyf), Ondansetron töflur (krabbameinslyf) og Terbinafine töflur (sveppalyf).

Actavis verðlaunað fyrir fjárfestatengsl

Actavis hlaut IR Nordic Awards 2007 fyrir bestu fjárfestatengsl stórra fyrirtækja á Íslandi. Það er fagttímaritið IR Magazine sem veitir verðlaunin, en Actavis vann þessi sömu verðlaun árið 2004. IR Magazine hefur á undanförunum árum veitt félögum á Norðurlöndum verðlaun fyrir bestu fjárfestatengslin. Verðlaunin byggjast á meðal annars á viðtölum við yfir 200 fjárfesta, greiningardeildir og aðra markaðsaðila um hverjir skara fram úr í upplýsingagjöf og samskiptum við markaðinn.

Tilboð Novator birt hluthöfum og álit stjórnar birt

Í maí barst stjórn Actavis óformlegt frjálst yfirtökutilboð til hluthafa A bréfa í Actavis. Tilboðið kom frá fjárfestingarfélaginu Novator, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Samkvæmt tilboðinu sem var formlega birt þann 1. júní voru hluthöfum boðnar 0,98 evrur á hlut. Þann 26. júní ákvað stjórn félagsins að mæla með nýju tilboði Novator sem hljóðaði upp á 1,075 evrur á hlut. Í júlí tilkynnti Novator síðan að félagið hefði fengið samþykki frá hluthöfum um 99,66% hlutafjár í Actavis. Í kjölfarið óskaði stjórn Actavis hefur afskráningu félagsins úr kauphöllinni.

Afkoma eftir tekjusviðum

Sölustarfsemi Actavis skiptist í fjögur tekjusvið og selja þrjú þeirra lyf undir eigin merki félagsins. Sviðunum er skipt landfræðilega sem hér segir: Mið- og Austur-Evrópa og Asía (auk Íslands og Möltu); Vestur-Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka; og Norður-Ameríka. Fjórða sviðið annast sölu á lyfjahugviti og fullunnum lyfjum til þriðja aðila (annarra lyfjafyrirtækja).

Heildartekjur af lyfjasölu námu 658,0 milljónum evra og tekjur af lyfjadreifingu fyrirtækisins í Búlgaríu, Rúmeníu og Serbíu námu 84,0 milljónum evra.

Lykilmarkaðir félagsins (miðað við lyfjasölu) eru Norður-Ameríka (31%), Tyrkland (9%), Bretland (8%) og Þýskaland (10%). Tekjudreifingin sýnir fjölbreytileikann í starfsemi félagsins, sem byggist á afkomu fjölda markaða.

Stærstu markaðir samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi, sem hluti af tekjum af fullunnum lyfjum (sala til þriðja aðila meðtalin):

	1H 2007	1H 2006	Breyting %
	milljónir evra		
Norður Ameríka	205,2	213,2	(3,8%)
Þýskaland	65,8	54,3	21,1%
Tyrkland	62,4	62,7	(0,5%)
Bretland	55,8	44,0	26,9%
Skandinavía	53,7	52,9	1,6%
Rússland, Úkraína og fyrrum sovétlýðveldin	51,6	37,8	36,5%
Mið Evrópa	29,3	23,9	23,0%
Búlgaríá	24,9	22,5	10,6%
Rúmenía	20,9	19,8	5,4%
Holland	16,1	18,5	(12,7%)
Aðrir markaðir	72,2	61,0	18,2%
Samtals	658,0	610,6	7,8%

Alls voru 145 markaðssetningar lyfja í fjórðungnum (84 mismunandi lyf), og voru átta þeirra fyrst á markað. Af helstu markaðssetningum í fjórðungnum má nefna Finasteride (þvagfæralyf) í Bandaríkjunum og í 14 Evrópulöndum; Mirtazapine (geðlyf) í 14 Evrópulöndum; og fyrsta lyfið frá Actavis South Atlantic LLC (áður Abrika Pharmaceuticals), Nifedipine forðatöflur (hjartalaf) í Bandaríkjunum. Á fyrri helmingi ársins voru alls 225 markaðssetningar lyfja (154 einstök lyf) á hina ýmsu markaði samstæðunnar.

Mið- og Austur-Evrópa og Asía, 41% af tekjum á fyrri hluta ársins, 43% á 2F

Sölusviðið náði góðum árangri í fjórðungnum og jókst salan um 9% miðað við sama fjórðung 2006, á föstu gengi, í 157,1 milljónir evra (2F 2006 pro forma: 144,8 milljónir evra) árið 2006. Á fyrstu sex mánuðum ársins nam salan 314,3 milljónum evra (1H 2006 pro forma: 279,2 milljónir evra), sem er 12,6% vöxtur. Að baki þessum árangri liggur bæði aukin sala á eldri lyfjum og vel heppnuð markaðssetning nýrra lyfja.

Afkoman í Tyrklandi, stærsta markaði sviðsins, var aðeins undir væntingum stjórnenda, en góður árangur náðist hinsvegar í Rúmeníu, Rússlandi, Úkraínu og öðrum fyrrum Sovétlýðveldum Búlgaríu og mörkuðum í Mið-Evrópu. Markaðir í Mið-Evrópu sýndu einnig góðan árangur.

Alls 75 markaðssetningar lyfja (46 einstök lyf) á svæðinu í fjórðungnum og 104 á fyrri helmingi ársins (75 einstök lyf).

Vestur-Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka, 22% af tekjum félagsins á fyrri hluta ársins, 24% á 2F

Sala í öðrum ársfjórðungi jókst um 23,0% í 86,3 milljónir evra samanborið við sama fjórðung í fyrra (2F 2006 á föstu gengi: 70,2 milljónir evra). Á fyrstu sex mánuðum ársins nam salan 165,5 milljónum evra (1H 2006 pro forma: 142,3 milljónir evra), sem er 16,3% vöxtur. Þetta er í samræmi við væntingar stjórnenda og yfir vexti helstu samkeppnisaðila á tímabilinu. Að baki býr öflugur innri vöxtur í Þýskalandi og Bretlandi, að hluta til vegna fjölda lyfja sem voru markaðssett.

Stærstu markaðir sviðsins voru Bretland og Þýskaland og jukust þær um 27,2% í Bretlandi og 72,3% í Þýskalandi. Sala á öðrum mörkuðum var svipuð og á sama tíma í fyrra.

Alls voru 46 markaðssetningar lyfja í fjórðungnum (21 einstök lyf) og 81 markaðssetning á fyrri hluta ársins (48 einstök lyf).

Norður-Ameríka, 27% af tekjum félagsins á fyrri hlut ársins, 27% á 2F

Salan í fjórðungnum var í samræmi við væntingar stjórnenda og námu tekjurnar 96,3 milljónum evra (2F 2006 pro forma: 111,4 milljónir evra). Á fyrstu sex mánuðunum nam salan 205,2 milljónum evra (1H 2006 pro forma: 215,1 milljónir evra) og dróst saman um 4,6%. Meðal söluhæsta lyfja voru Ranitidine (meltingarfæra- og efnaskiptalyf), Gabapentin (tauga- og geðlyf), Oxycodone (verkjalyf) og Glyburide/Metformin (lyf við sykursýki). Ranitidine var söluhæsta lyfið á þeim sex mánuðum sem Actavis hafði einkasölurétt á lyfinu, eftir að það var sett á markað í mars.

Actavis setti fjögur ný lyf á markað í Bandaríkjunum í fjórðungnum og alls átta lyf á fyrri helmingi ársins.

Sala til þriðja aðila, 9% af tekjum félagsins á fyrri hlut ársins, 10% á 2F

Sala til þriðja aðila 9% af tekjum félagsins á fyrstu 6 mánuðum ársins, 10% á öðrum ársfjórðungi

Sala sviðsins í fjórðungnum var í samræmi við væntingar stjórnenda og nam 35,7 milljónum evra, (2F 2006 pro forma 33,4 milljónir evra), sem er 6,7% vöxtur í fjórðungnum. Á fyrri hluta ársins nam salan 71,6 milljónum evra (1H 2006 pro forma: 71,4 milljónir evra), sem er hækkun um 0,3%.

Meðal lykilmarkaða félagsins á tímabilinu voru Þýskaland, Frakkland, Holland, Bretland, Austurríki og Sviss.

Sala til þriðja aðila setti eitt nýtt lyf á markað í fjórðungnum, Clarithromycin (sýkingalyf) á Írlandi, og markaðssetti einnig Finasteride (þvagfæralyf) í Þýskalandi, Bretlandi, Hollandi og sex öðrum löndum í Evrópu.

Alls voru 20 markaðssetningar lyfja í fjórðungnum og 32 á fyrri hluta ársins.

Framtíðarhorfur

Stjórnendur félagsins vænta þess að tekjur félagsins á árinu 2007 nemi alls 1,6 milljörðum evra, sem samsvarar um 13% undirliggjandi vexti í samanburði við árið 2006. Gert er ráð fyrir að EBITDA framlegð verði 21-22% fyrir árið 2007. Reiknað er með að Sala í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu, Sala til þriðja aðila og Sala í Vestur-Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku vaxi um að minnsta kosti 10% og að sala í Norður-Ameríku aukist lítillega. Framtíðarhorfur stjórnenda félagsins eru óbreyttar frá síðasta uppgjöri félagsins í maí sl.

Reikningsskil

Endurskoðendur félagsins, KPMG, hafa framkvæmt könnun á árshlutareikningi samstæðunnar án athugasemda.

Uppgjörsaðferðir

Árshlutareikningur Actavis Group hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra, er felldur út í samstæðureikningnum.

Kynning á uppgjörinu

Tilkynningin og árshlutareikningurinn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.actavis.com.

Upplýsingar um uppgjörið veitir:

Halldór Kristmannsson

Innri og ytri samskipti

Sími: 535 2300 / 840 3425

Póstfang: hkristmannsson@actavis.com

Árshlutareikningur Actavis Group fyrir annan ársfjórðung og fyrstu 6 mánuði ársins 2007

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

Rekstrarreikningur	2F 2007		2F 2006		1H 2007		1H 2006	
Sala.....	372,487	100.0%	351,224	100.0%	744,216	100.0%	684,280	100.0%
Kostnaðarverð seldra vara.....	(203,465)	-54.6%	(205,376)	-58.5%	(420,976)	-56.6%	(400,738)	-58.6%
Framlegð.....	<u>169,022</u>	<u>45.4%</u>	<u>145,847</u>	<u>41.5%</u>	<u>323,240</u>	<u>43.4%</u>	<u>283,542</u>	<u>41.4%</u>
Aðrar rekstrartekjur.....	6,363	1.7%	12,830	3.7%	17,328	2.3%	21,652	3.2%
Sölu- og markaðskostnaður.....	(60,859)	-16.3%	(49,454)	-14.1%	(116,119)	-15.6%	(96,449)	-14.1%
Rannsóknar- og þróunarkostnaður.....	(22,153)	-5.9%	(20,265)	-5.8%	(43,522)	-5.8%	(37,380)	-5.5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	(36,181)	-9.7%	(33,544)	-9.6%	(71,201)	-9.6%	(65,909)	-9.6%
	<u>(112,830)</u>	<u>-30.3%</u>	<u>(90,431)</u>	<u>-25.7%</u>	<u>(213,514)</u>	<u>-28.7%</u>	<u>(178,085)</u>	<u>-26.0%</u>
Rekstrarhagnaður (EBIT).....	56,192	15.1%	55,416	15.8%	109,726	14.7%	105,457	15.4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(20,204)	-5.4%	(14,509)	-4.1%	(39,074)	-5.3%	(24,541)	-3.6%
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	35,988	9.7%	40,908	11.6%	70,652	9.5%	80,916	11.8%
Tekjuskattur.....	(6,671)	-1.8%	(10,821)	-3.1%	(14,335)	-1.9%	(18,971)	-2.8%
Hagnaður tímabilsins.....	29,317	7.9%	30,088	8.6%	56,317	7.6%	61,946	9.1%
Ráðstöfun:								
Hlutdeild móðurfélags.....	29,208	7.8%	29,963	8.5%	56,140	7.5%	61,283	9.0%
Hlutdeild minnihluta.....	109	0.0%	124	0.0%	177	0.0%	662	0.1%
Hagnaður tímabilsins.....	29,317	7.9%	30,088	8.6%	56,317	7.6%	61,946	9.1%

Efnahagsreikningur	30.6.2007	31.12.2006	30.6.2007	31.12.2006
Fastafjármunir.....	2,152,617	1,907,482	2,152,617	1,907,482
Veltufjármunir.....	<u>785,097</u>	<u>671,880</u>	<u>785,097</u>	<u>671,880</u>
Eignir samtals	<u>2,937,714</u>	<u>2,579,362</u>	<u>2,937,714</u>	<u>2,579,362</u>
Eigið fé.....	919,036	880,199	919,036	880,199
Hlutdeild minnihlutaeigenda.....	20,156	9,457	20,156	9,457
Langtímaskuldir.....	1,224,277	1,171,615	1,224,277	1,171,615
Skammtímaskuldir.....	<u>774,245</u>	<u>518,091</u>	<u>774,245</u>	<u>518,091</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>2,937,714</u>	<u>2,579,362</u>	<u>2,937,714</u>	<u>2,579,362</u>

Sjóðstreymi	2F 2007	2F 2006	1H 2007	1H 2006
Veltufé frá rekstri.....	39,081	39,911	75,232	92,052
Handbært fé frá rekstri.....	28,496	34,213	34,939	29,527

Kennitölur	2F 2007	2F 2006	1H 2007	1H 2006
EBITDA.....	84,224	79,387	163,535	151,884
EBITDA/heildartekjur.....	22.2%	21.8%	21.5%	21.5%
EBIT/Heildartekjur.....	14.8%	15.2%	14.4%	14.9%
Hagnaður á hlut (EPS).....	0.00499	0.00601	0.00990	0.01188
Hagnaðarhlutfall.....	7.7%	8.3%	7.4%	8.8%
Arðsemi eiginfjár (ROE).....	12.8%	12.0%	12.3%	12.3%
Eiginfjárhlutfall.....	0.32	0.35	0.32	0.35
Veltufjárhlutfall.....	1.01	1.59	1.01	1.59